

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN	SKÝRSLA YFIRHEYRSLA SAKBORNINGUR/GRUNADUR	R L S	
Skýrslu gerir	Sveinn Ingiberg Magnússon, lögreglufulltrúi	Mál nr.	006-2002-00086
Staður og stund:	Skrifstofa efnahagsbrotadeildar, mánudaginn 30. ágúst 2004, kl. 13:30.		V/1.12
Sakarefni:	Umboðssvik (249. gr. alm.hgl.) - ólögmatar lánveitingar (104. gr. 2/1995)		
Vitni:	Tryggvi Jónsson	Kennitala:	140755-2739
Starf/staða:	Fyrirverandi aðstoðarforstjóri Baugs-Group hf.	Vinnusími:	590 5500 / 691 8888
Lögheimili:	Vesturhús 22, Reykjavík	Sími:	567 6363
Dvalarstaður:		Sími:	
Kynnt tilefni yfirheyrslunnar, vitnaskylda og ábyrgð.			

Tryggvi er mættur á skrifstofu efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjórans skv. boðun. Honum er kynnt ástæða skýrslutökunnar sem varðar rannsókn lögreglu á ætluðum umboðssvikum og ólögmatum lánveitingum Tryggva Jónssonar í tengslum við viðskipti Baugs við Fjárfar ehf.

Tryggva er kynnt að hann njóti réttarstöðu sakbornings og honum sé því ekki skylt að svara spurningum um eigið sakarefni en brýnt fyrir honum að segja satt og rétt frá og draga ekkert undan sem máli kann að skipta.

Tryggvi kveðst skilja þessi réttarfarsákvæði.

Andri Árnason hrl. skipaður verjandi Tryggva er viðstaddur yfirheyrsluna sem og Aldís Hilmarsdóttir lögreglufulltrúi sem einnig tekur þátt í yfirheyrslunni.

Lánveitingar til Fjárfars ehf. 2000 - 2001:

Tryggva er kynnt að þær lánveitingar sem um ræðir og eru m.a. tilefni þessarar skýrslutöku hafi átt sér stað á tímabilinu frá maí 2000 til febrúar 2001.

Um er að ræða eftirtaldar lánveitingar sem koma fram á þennan hátt á viðskiptareikningi Fjárfars í bókhaldi Baugs:

16.05.2000: "Hlutafé selt Fjárfari, 5m * 12,9"

30.06.2000: "Baugur.net selt til Fjárfars" - kr. 50.000.000

13.02.2001: "Fjárfar ehf. ógr. hlutafjárukning" - kr. 85.758.591

Tryggvi var spurður um þessar hreyfingar sem fram koma á viðskiptareikningi Fjárfars hjá Baugi í yfirheyrslu hjá lögreglu 5. apríl 2003. Þá sagðist hann hvorki vita hver tók ákvarðanir um þessar lánveitingar, né á hvaða forsendum þær hafi verið veittar. Hann sagðist ekki þekkja hvort fyrir lægju einhver skuldaskjöl eða tryggingar vegna þeirra en hann hefði ekki komið að neinu slíku sjálfur. (skýrsla V/1.9)

Jón Ásgeir bar því hins vegar við í yfirheyrslu um sama efni 11. apríl 2003 að það hafi verið hann sjálfur og Tryggvi sem tóku ákvarðanir varðandi þessar lánveitingar eða viðskipti. (skýrsla V/4.7)

Þáverandi stjórnarmenn Baugs, Jóhannes Jónsson, Kristín Jóhannesdóttir, Guðfinna Bjarnadóttir, Þorgeir Baldursson og Hreinn Loftsson voru öll samhljóða í framburði sínum, aðspurð um þessar lánveitingar til Fjárfars, að þau hefðu ekki vitað af þeim. (skýrslur V/2.3, 3.3, 10.1, 11.1, 12.1)

06608

J

Tryggvi er því spurður hvort hann vilji bæta eða breyta fyrri framburði sínum sérstaklega með tilliti til framburðar Jóns Ásgeirs.

Tryggvi kveðst ítreka fyrri framburð sinn varðandi viðskipti Baugs og Fjárfars.

16.05.2000: "Hlutafé selt Fjárfari, 5m * 12,9" - kr. 64.500.000

Tryggvi er beðinn um að skýra frá þessum viðskiptum og aðdraganda þeirra og undir hann er borinn kaupsamningurinn vegna þeirra viðskipta.

Tryggvi kveðst hvorki hafa átt beinan þátt í þessum viðskiptum, né aðdraganda þessara viðskipta. Tryggvi tekur það fram að hann hafi ekki verið í neinum tengslum við Fjárfar, fyrir utan að hann hafi komið að stofnun þess félags í ársbyrjun 1999.

Tryggvi er spurður hvort einhverjir lánasamningar hafi verið gerðir vegna þessara viðskipta Baugs og Fjárfars.

Tryggvi kveðst ekki vita um það. Hann bendir á að samkvæmt samningnum hafi átt að greiða kaupverðið þann 2. júní 2000.

Tryggvi er spurður hvort að Fjárfar hafi lagt einhverja tryggingu fram gegn þessari skuld.

Tryggvi kveðst ekki þekkja þennan tiltekna samning varðandi þessi viðskipti og því geti hann ekki greint frá því hvort einhver trygging hafi verið lögð fram gegn þessari skuld.

Tryggvi er spurður hvort að endurskoðendur félagsins hafi komið með einhverjar athugasemdir varðandi þessa kröfu á Fjárfar. Ef svo er, þá um hvað fjölluðu þær og hvernig var brugðist við þeim.

Tryggvi segir að það hafi þeir ekki gert í hans eyru.

Tryggvi er spurður hvort og þá hvenær gengið var á eftir innheimtu á þessari skuld Fjárfars við Baug.

Tryggvi kveðst ekki þekkja til þess varðandi þessa tilteknu skuld.

Tryggvi er spurður hvort búið sé að greiða upp þessa skuld Fjárfars og þá hvernig var það gert.

Tryggvi kveðst ekki vita það.

30.06.2000: "Baugur.net selt til Fjárfars" - kr. 50.000.000

Tryggvi er beðinn um að skýra frá þessum viðskiptum og aðdraganda þeirra og undir hann borinn kaupsamningurinn vegna þeirra viðskipta.

Tryggvi skýrir svo frá að á þessum tíma hafi viðskipti á Internetinu verið mikið sóknarfæri í íslenskum viðskiptum og Baugur ætlað sér stóra hluti með Baugur.net í tengslum við viðskipti með vörur Hagkaupa á netinu. Staðið hafi til að setja Baugur.net á markað. Tryggvi kveðst ekki minnst þess að hafa tekið þátt í þessum tilteknu viðskiptum þegar þessi hlutabréf í Baugur.net voru seld Fjárfari, hann kveðst þó ekki útiloka það.

Tryggvi segir að Jón Scheving Thorsteinsson hafi sem starfsmaður Baugs-Group hf haft mest með Baugur.net að gera, enda virðist Jón Scheving hafa undirritað samninginn með Jóni Ásgeiri.



Tryggvi er spurður hvort einhverjir lánasamningar hafi verið gerðir vegna þessara viðskipta Baugs og Fjárfars, eða hvort Fjárfar hafi lagt einhverja tryggingu fram gegn þessari skuld.

Tryggvi kveðst hvorki þekkja til þess hvort gerðir hafi verið lánasamningar vegna þessara viðskipta, né hvort lagðar hafa verið fram einhverjar tryggingar.

Tryggvi er spurður hvort að endurskoðendur félagsins hafi komið með einhverjar athugasemdir varðandi þessa kröfu á Fjárfar. Ef svo er, þá um hvað fjölluðu þær og hvernig var brugðist við þeim.

Tryggvi kveðst ekki minnst þess, en kunni þó að vera fjallað um það í endurskoðunarskýrslum.

Tryggvi er spurður hvort og þá hvenær gengið var á eftir innheimtu á þessari skuld Fjárfars við Baug.

Tryggvi kveðst ekki vita um það. Hann tekur það fram að eftir því sem hann best muni þá hafi þessi viðskipti gengið að mestu til baka, þegar ekkert varð af þessari viðskiptahugmynd að koma Baugi.net á markað.

Sala Baugs á þessum bréfum var bakfærð þann 21.02.2002 í bókhaldi Baugs. Skv. upplýsingum frá núverandi talsmanni Fjárfars ehf. voru þessi viðskipti bakfærð skv. samkomulagi milli aðila þar sem forsendur brustu fyrir því að félagið yrði skráð á markað. Tryggvi er spurður hvort að eitthvað slíkt samkomulag hafi verið til staðar og er hann þá beðinn um að gera grein fyrir því.

Tryggvi kveðst minnst þess að það hafi átt að gera mikið með Baug.net og netviðskipti á þessum tíma. Það hafi hins vegar ekki gengið eftir og forsendur brostið fyrir því að setja félagið á markað. Það hafi orðið til þess að þessi viðskipti voru látin ganga til baka. Hann kveðst hins vegar ekki vita hvort til hafi verið neitt skriflegt samkomulag varðandi þessar forsendur. Tryggvi ítrekar að þetta hafi ekki verið á hans verksviði og hann ekki komið að þessum viðskiptum með beinum hætti. Hann kveðst þó hafa komið að þeirri umræðu að láta þessi viðskipti ganga til baka.

Tryggva er kynnt að samkvæmt bókhaldi Baugs var söluhagnaðurinn að fjárhæð kr. 47,5 mkr. vegna þessara viðskipta færður til tekna þann 30.06.2000. En þegar kaupin voru látin ganga til baka 28.02.2002 var söluhagnaðurinn ekki færður til baka, heldur færður til eignar sem viðskiptavild, þrátt fyrir að fyrirætlanir um að skrá Baug.net á markað hafi ekki gengið eftir.

Tryggvi er beðinn um að skýra þessa meðferð á viðskiptunum í bókhaldi Baugs, hver tók ákvörðun um slíka færslu á söluhagnaðinum og gerðu endurskoðendur einhverjar athugasemdir við þessa færslu.

Tryggvi kveðst ekki þekkja til þessara bókhaldsfærslna og viti því ekki hver hafi tekið ákvörðun um þennan færslumáta í bókhaldinu. Tryggvi tekur það fram að það geti verið mjög eðlilegar ástæður fyrir þessum færslumáta, t.d. ef selja eigi hlutabréfin síðar þegar markaðurinn tekur við sér.

13.02.2001: "Fjárfar ehf. ógr. hlutafjár aukning" - kr. 85.758.591

Tryggvi er beðinn um að skýra frá þessum viðskiptum og aðdraganda þeirra. Tryggva er kynnt að ekki liggi fyrir undirritaður samningur vegna þessara viðskipta.

Tryggvi tekur það fram að við hlutafjár aukninguna í desember 2000 hafi, að því er hann best man, lánastofnunin sem sá um útboðið gert kröfu um að allir stærstu hluthafar félagsins tækju þátt í hlutafjár útboðinu, þ.m.t. Fjárfar sem einn af hluthöfunum í Baugi. Tryggvi kveðst ekkert hafa komið að þessari skráningu Fjárfars fyrir auknu hlutafé í félaginu, bankastofnunin sem sá um útboðið hafi séð alfarið um það.

Tryggvi er spurður hvort einhverjir lánasamningar hafi verið gerðir vegna þessara viðskipta Baugs og Fjárfars, eða hvort Fjárfar hafi lagt einhverja tryggingu fram gegn þessari skuld..

Tryggvi kveðst ekkert vita nánar um einstakar færslur varðandi þetta hlutfjárútbóð, það hafi alfarið farið í gegnum bankastofnunina sem sá um útbóðið. Aðspurður kveðst Tryggvi telja að það hafi líklega verið Íslandsbanki sem sá um útbóðið.

Tryggvi er spurður hvort og þá hvenær gengið var á eftir innheimtu á þessari skuld Fjárfars við Baug.

Tryggvi kveðst ekki vita nánar um innheimtu á þessari tilteknu kröfu á Fjárfar. Hann kveðst telja að þetta hafi verið fært á viðskiptareikning Fjárfars hjá Baugi, eins og þær kröfur sem mynduðust vegna þeirra viðskipta sem þegar hafa verið borin undir Tryggva.

Tryggvi er spurður hvort búið sé að greiða upp þessa skuld Fjárfars og þá hvernig var það gert.

Tryggvi segir að á einhverjum tímamarki hafi þessi viðskiptareikningur Fjárfars verið gerður upp. Hann kveðst hvorki muna hvenær eða hvernig það hafi verið. Hann kveðst telja víst að lögregla hafi allar upplýsingar um það.

Tryggvi sem á þessum tíma hafi verið aðstoðarforstjóri Baugs og m.a. borið ábyrgð á fjármálastjórn félagsins, er spurður hvort þessi krafa sem stofnaðist á Fjárfar vegna umræddra viðskipta samtals að fjárhæð kr. 200.258.591,- hafi aldrei verið til sérstakrar athugunar hjá honum.

Tryggvi kveðst vísa til þeirra skýringa sem hann hafi gefið lögreglu þegar hann var síðast spurður út í þessi viðskipti Baugs og Fjárfars. Hann hafi engu frekar við það að bæta.

Vaxtareikningur í bókhaldi Baugs:

Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum úr bókhaldi Baugs-Group hf er aldrei um greiðslu að ræða vegna hlutabréfakaupa Fjárfars í Baugi eða Baugi.net á tímabilinu maí 2000 þar til við húsleit 28.08.2002. Reiknaðir eru dráttarvextir á kröfuna á Fjárfar kr. 29.969.758,- þann 30.06.2001 frá júlí 2000. Ekki hafa verið reiknaðir dráttarvextir eftir 30.06.2001 og gætir þar ósamræmis í meðferð dráttarvaxta. Tryggvi er beðinn um að skýra þetta.

Tryggvi tekur það fram að hann hafi ekki komið að dráttarvaxtaútreikningum og kveðst vísa í þau svör sem hann hafi gefið hjá lögreglu áður um þessi málefni.

Stjórnun og rekstur Fjárfars ehf.

Tryggvi er beðinn um að skýra skilmerkilega frá sinni aðkomu að félaginu Fjárfari ehf.

Tryggvi tekur það fram að hann hafi gert skilmerkilega grein fyrir aðkomu sinni að félaginu Fjárfari við skýrslutöku hjá Skattranssóknarstjóra ríkisins, þann 21.05.2004. Það sé í raun engu við þær skýringar að bæta. Hann hafi einungis komið að stofnun félagsins í lok árs 1998 og byrjun árs 1999.

Tryggvi er spurður hvort hann viti hverjir hafi verið eigendur eða stjórnendur Fjárfars á þeim tíma sem þau hlutabréfaviðskipti áttu sér stað sem hafa verið borin undir Tryggva við þessa yfirheyrslu.

Tryggvi segir að honum hafi ekki verið kunnugt um það. Hann tekur það fram að hann hafi talið sig vita að Eiríkur Sigurðsson og Helga Gísladóttir hafi átt Fjárfar í maí 1999. Tryggvi kveðst ekkert vita um eignarhald í Fjárfari frá þeim tíma.

Undir Tryggva er borinn tölvupóstur sem fannst við rannsókn lögreglu á tölvu Tryggva Jónssonar. Um er að ræða tölvupóstsamskipti frá 3. – 4. október og 3. nóvember 2001 á milli Tryggva, Jóns Ásgeirs og Jóhönnu Waagfjörð fjármálastjóra Baugs. (skjal II/35.1 nr.20)

Einnig er borinn undir Tryggva tölvupóstur frá 24. janúar 2001 frá Jóni Ásgeiri til Tryggva og Kristínar Jóhannesdóttur (skjal II/35.1 nr. 14)

Að lokum er borinn undir Tryggva tölvupóstur frá 26. nóvember 2001 frá Tryggva til Stefáns Hilmarssonar, endurskoðanda. (skjal II/35.1 nr. 21)

Tryggvi er beðinn um að taka afstöðu til þessara tölvupóstsamskipta. Af þeim að dæma virðist Tryggvi vera meðvitaður um kröfu Baugs á Fjárfar og varpar m.a. fram spurningunni “*Er ástæða til að Fjárfar sé hluthafi í TM? Eigum við að láta Baug taka þau bréf yfir upp í skuld, eða eru bréfin enn í fjármögnun hjá bankanum?*” Tryggvi er beðinn um að skýra þetta nánar.

Tryggvi segir að þær upplýsingar hafi legið fyrir að Fjárfar hafi á þessum tíma verið einn af stærstu hluthöfunum í TM og því hafi verið eðlilegt að kanna möguleikana á því að Baugur tæki yfir þau bréf til að grynna á skuld Fjárfars við Baug, enda hafi fjármálastjóri Baugs þurft á lausafé að halda vegna reksturs Baugs.

Tryggvi er spurður að ástæðu þess að þessar spurningar hans til Jóns Ásgeirs séu settar fram með þessum hætti í tölvupóstinum, þ.e. að svo virðist sem þeir hafi alla möguleika á að ráðstafa þessum eignum Fjárfars.

Tryggvi tekur það fram að í tölvupósti Jóns Ásgeirs komi fram að Jón Ásgeir geti samið við eigendur Fjárfars og í því ljósi kveðst Tryggvi hafa sett fram þessar spurningar.

Tryggvi er spurður hvort hann geti gert grein fyrir eignarhaldi eða aðkomu Jóns Ásgeirs að Fjárfari.

Tryggvi kveðst ekki geta gert það. Aðspurður kveðst Tryggvi ekkert vita um aðkomu Jóns Ásgeirs að Fjárfari.

Tryggva er kynnt að rannsóknurum þyki efni tölvupóstanna gefa til kynna að hann hafi haft meiri vitneskju um kröfu Baugs á Fjárfar en hann hafi viljað láta uppi við yfirheyrsluna og einnig að hann viti meira um eignarhald og stjórnun Fjárfars en komið hefur fram. Hann er beðinn um að taka afstöðu til þess.

Tryggvi kveðst vísa til fyrri svara sína varðandi þetta.

Undir Tryggva eru bornir framburðir Sigfúsar Sigfússonar og Arnfinns Sævars Jónssonar hjá lögreglu þar sem þeir lýstu aðkomu sinni að stofnun Fjárfars sem og framburður Aðalsteins Hákonarsonar hjá lögreglu:

Samantekt úr framburði Sigfúsar:

Sigfús segir að hann hafi komið að stofnun þessa félags af vinargreiða við Tryggva Jónsson. ... Sigfús segir aðkomu sína að rekstri Fjárfars alls enga og hann hafi ekki unnið neitt starf fyrir félagið. Aðspurður sagðist Sigfús ekki vita hver í raun var eiginlegur stofnandi félagsins, hver stjórnaði því eða tók ákvarðanir í rekstri þess. Sigfús segir engan ávinning hafi verið í þessu fyrir sig, hann hafi eins og áður hefur komið fram einungis gert þetta af vinargreiða við Tryggva. (skýrsla IV/30.1)



Samantekt úr framburði Sævars:

Sævar segir að Tryggvi Jónsson hafi leitað til hans og beðið hann að koma að stofnun félags sem átti að kaupa 10-11, kaup sem Íslandsbanki ætlaði að fjármagna. Tilgangurinn hafi verið að setja 10-11 á hlutabréfamarkað og segir Sævar að Tryggvi hafi boðið honum hlut í þeim hagnaði sem af þessum viðskiptum hlytist. Sævar kveðst aldrei hafa fengið nokkuð fé út úr þessu og þegar hann hafi leitað til Tryggva varðandi þetta, fljótlega eftir stofnun félagsins sennilega um vorið 1999, og hvort hann ætti að geta um félagið í skattskýrslu sinni hafi Tryggvi sagt honum að ekkert hefði orðið úr þessu og Sævar væri komin úr stjórn. Sævar segir að aðkoma hans að rekstri félagsins sé engin og ekkert starf af hans hendi. Sævar segist ekki hafa hugmynd um það hver rak félagið enda skipti hann sér ekkert af því þar sem hann taldi sig ekki tengjast því lengur. Sævar segir að eini maðurinn sem hann hafi átt samskipti við varðandi þetta félag á sínum tíma utan Sigfúsar við stofnunina hafi verið Tryggvi Jónsson. (skýrsla IV/31.1)

Samantekt úr framburði Aðalsteins:

Aðspurður um aðild Sigfúsar og Sævars segist Aðalsteinn ekki hafa gert sér grein fyrir því við stofnun hversu þátttaka þeirra var mikil en síðar eða við gerð uppgjörs á miðju ári 1999 hafi Aðalsteinn gert sér grein fyrir að þeir væru ekki raunverulegir eignaraðilar þegar Tryggvi sagði honum að það þýddi ekkert að tala við þá Sigfús og Sævar þar sem þeir vissu ekkert um félagið. (skýrsla IV/35.1)

Tryggvi er beðinn um að taka afstöðu til þessara framburða.


Tryggvi kveðst vísa í skýringar sínar við skýrslutöku hjá Skattransóknarstjóra ríkisins. Hann hafi engu við það að bæta.

Tryggvi er spurður hvort hann hafi einhverju við framburð sinn að bæta.


Tryggvi kveðst ekkert fleira hafa um þetta að segja.

Skýrslutöku lauk kl. 15:55


Staðfest rétt eftir haft:


Tryggvi Jónsson

Skýrsluna skráði:


Sveinn Ingiberg Magnússon

Viðstödd yfirheyrsluna:


Andri Arnason hrl.


Aldís Hilmarsdóttir, lögreglufulltrúi